

15. fundur

Fundur safnanefndar var haldinn á Amtsbókasafninu miðvikudaginn 28. október 1998 kl. 17:30.

Mættir voru: Guðmundur Páll Ólafsson, Gunnar Gunnarsson, Ægir Jóhannsson, Guðrún A. Gunnarsdóttir og Guðmundur Andrésson, sem ritar fundargerð. Einnig Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, Amtsbókasafnsvörður.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun.
2. Norræna bókasafnsvikan.
3. Önnur mál.

1. Fjárhagsáætlun.

Unnið áfram við gerð fjárhagsáætlunar. Rætt um vefbókasafn og fleira. Hugmyndin með vefbókasafninu er að til verði efnisflokkadur listi áhugaverðra staða á veraldarvefnum sem hægt verði að tengja heimasíðum bókasafna. Þegar hafa 14 söfn hafið vinnu við verkefnið.

Einnig rætt um Norrænt verkefni um fullorðinsfræðslu. Rætt um áttagadeild og aðgengi að veraldarvefnum. Þörf á t.d. 50% stöðugildi til viðbótar því sem nú er. Rætt um nauðsun á að flokka “gamla safnið” þ.e. bækur útgefnar fyrir sl. aldamót.

Hugmynd að gamalli deild rædd.

Greinargerð frá safnverði mun fylgja með fjárhagsáætlun.

2. Norræna bókasafnsvikan.

Safnið mun taka þátt og verður dagskrá 9. til 15. nóvember nk.

3. Önnur mál, engin.

Fundargerðin upplesin.

Fundi slitið kl. 19:20.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Ægir Jóhannsson (sign.),

Guðmundur P. Ólafsson (sign.),

Gunnar Gunnarsson (sign.),

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Íhs.